



Skýrsla framkvæmdastjóra ÆSKP Starfsárið 2016

ERLENT SAMSTARF

ÆSKP hefur haldið áfram samstarfi sínu við European Fellowship og hefur síðan 2014 verið associate member að sambandinu. Á síðasta aðalfundi sem haldin var í Englandi í maí 2016 sótti ÆSKP um að gerast fullgildur meðlimur að sambandinu. Kostar það sambandið 50.000 krónur á ári. Hingað til höfum við greitt: xxx

Árlega heldur European Fellowship námskeiðið Easter Course sem fer fram um páska og er ætlað ungmennum á aldrinum 17-25 ára í kristilegu starfi. Á síðasta ári var það haldið í Rúmeníu, en þá fór enginn þátttakandi frá ÆSKP. Næsta Easter Course verður haldið í Danmörku 9.-16. apríl, einn Íslendingur tekur þátt í skipulagningu námskeiðisins.

KIRKJUÞING UNGA FÓLKSINS

Kirkjuþing unga fólksins kom saman á Biskupsstofu laugardaginn 30. apríl 2016. Sigríður Rún Tryggvadóttir, prestur á Seyðisfirði var verkefnisstjóri þingsins að þessu sinni og undirbjó það í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu og framkvæmdastjóra ÆSKP. Tuttugu og þrjú kirkjuþingsfulltrúar frá öllum prófastsdæmum og KFUM/K tóku þátt í þinginu. Margrét Arnardóttir var kjörin forseti og var hún jafnframt áheyrnarfulltrúi á Kirkjuþingi hinu almenna.

Fyrir þinginu lágu sex mál. Þingið kallaði meðal annars eftir því að söfnuðir héldu fundi um siðareglur og heilræði fyrir starfsfólk á tveggja ára fresti, kallað var eftir að staða æskulýðsfulltrúa á biskupsstofu yrði endurvakin og óskað var eftir breytingum á starfsreglum kirkjuþings unga fólksins.

Í nóvember 2016 var kirkjuþing hið almenna haldið, þar sat Margrét Arnardóttir sem áheyrnarfulltrúi KUF.

LANDSMÓT ÆSKP

Landsmót ÆSKP var haldið á Akureyri 21.-23. október 2016. Landsmótsstjóri var Sunna Dóra Möller, prestur í Akureyrarkirkju. Alls tóku 433 unglingar og leiðtogar þátt frá 23 kirkjum. Þátttakendur á mótinu gistu í Brekkuskóla. Dagskráin fór að mestu fram í Höllinni og víðs vegar um bæinn. En eitt af markmiðum landsmótsnefndar að þessu sinni var að auka sýnileika mótsins og var það meðal annars gert með því að senda krakkana út í skemmtilegan ratleik þar sem notast var við snjallsíma til að vinna ýmis verkefni.

Á Akureyri er úrvals aðstaða til að halda mót af þessari stærðargráðu, Höllin var sett upp á föstudag og var virkilega vel af verki staðið. Bautinn sá um uppsetningu og matinn. Starfsfólk í Brekkuskóla, Sundlaugarinni, Höllinni og á Bautanum var einstaklega liðlegt og hjálpsamt á meðan á mótinu stóð og gott fyrir skipuleggjendur að finna þann meðbyr sem mótið hefur.

Í undirbúningi mótsins fékk landsmót töluvert af styrkjum í formi aðfanga. Maturinn á föstudagskvöldið var til að mynda hakk frá norðlenska og pasta frá Innnes. Hádegismaturinn á laugardag var svo beint úr heimabyggð kartöflur frá Áshól og fiskur frá fiskvinnslunni Grenivík. Vífilfell gaf svo nýja tegund af Topp til að hafa með matnum

á laugardagskvöldi.

Yfirskrift mótsins var: Flóttafólk og fjölmening og fjallaði fræðslan um mikilvægi kristins náungakærleiks. Fræðslan var þrískipt þar sem sr. Eva Björk flutt fyrst erindi um miskunnsama Samverjann, síðan kom Mohammed frá félaginu Horizon upp á svið og fjallaði um uppvöxt sinn og hvernig það er að vera þriðja kynslóð innflytjandi í Danmörku. Að lokum komu feðginin Khattab Al Mohammad og dóttir hans Reem og sögðu frá lífi sínu í Sýrlandi og eftir að þau komu sem flóttamenn til Íslands.

Flutningur þeirra vakti mikla hrifningu og var mjög áhrifa rík, þögnin og virðingin sem þátttakendur á landsmóti sýndu var líka einstök og verður lengi í minnum höfð.

Seinna á laugardeginum var þátttakendum svo boðið að taka þátt í samstöðufundi á ráðhústorginu á Akureyri þar sem við tókum okkur stöðu gegn stríði. Það var falleg stund og vakti mikla athygli og dró að fleira fólk að sjá um 400 unglunga saman komna til að standa með friði.

Í aðdraganda landsmóts voru æskulýðsfélögin hvött til að safna fötum fyrir Hjálparstarf Kirkjunnar og veita þannig aðstoð. Fötin voru bæðu ætluð til innanlands aðstoðar og erlendis. Það gekk vel og 70 stórir pokar söfnuðust sem innihéldu að meðaltali 50 flíkur. Verðmæti söfnunnar að þessu tagi er ótvírætt en ef hver flík kostar 1000 krónur má segja að í söfnunni hafi fötum að verðmæti 3.5 milljóna verð safnað.

GLEÐIGANGAN

ÆSKP tók í þriðja sinn þátt í gleðigöngunni þann 6. ágúst. Að þessu sinni ákvað ÆSKP að fá lánaðan líkbíl og kistu en með því vildum við með táknrænum hætti jarða fordóma. Vakti þetta mikla athygli í göngunni sem og í fjölmiðlum.

HAUSTNÁMSKEIÐ

ÆSKP og ÆSKR héldu haustnámskeið fyrir leiðtoga í samvinnu við Biskupsstofu. Ákveðið var að hafa halda þrjá stutta fyrirlestra: Kærleikur og common sense, Barna- og æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar og Þroski barna og unglunga. Námskeiði var vel sótt en rúmlega 50 starfsmenn í barna og æskulýðsstarfi tóku þátt.

FARSKÓLI LEIÐTOGAEFNA

ÆSKP í samstarfi við ÆSKR, Kjalarnessprófastsdæmi og Biskupsstofu vinnur að leiðtogaþjálfun og er Farskóli leiðtogaefni fastur liður í því. Undanfarin ár hefur hann verið í vexti og voru 20 nemendur skráðir veturinn 2015-2016. Útskrift farskólans fór fram við hátíðlega athöfn þann 16. mars í Grensáskirkju. Ár eru 25 nemendur og sem verða útskrifaðir 13. mars.

Virðingarfyllst,
Jónína Sif Eypórsdóttir
Framkvæmdastjóri ÆSKP